

# Minnisblað

Til: Íþróttá- og tómsbundanefnd  
Frá: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsbundasviðs  
Dags. 28. maí 2015  
Mnr. 2013060084



ÍSAFJARÐARBÆR

## Lyftingaaðstaða/félagsaðstaða í vallarhúsinu á Torfnesi

Málefni vallarhússins á Torfnesi hafa verið til umræðu í nefndinni undanfarin tvö ár. Fyrir nokkrum árum var sett upp bráðarbygðar aðstaða fyrir ólympískar lyftingar og almennar þrekæfingar, fyrir íþróttafélög, á efri hæð vallarhússins. Kraftlyftingarfélagið Víkingur óskaði síðar eftir því að yfirtaka rekstur á húsinu og stuttu síðar kom beiðni frá BÍ 88 þar sem félagið óskaði eftir því að yfirtaka rekstur hússins.

Á þeim tíma stóð vinna við uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja sem hæst og í vinnslu var frumathugun á framtíðarskipulagi á Torfnesi og vildi nefndin því ekki taka afstöðu til málsins að svo stöddu. Nefndinni barst annað bréf frá BÍ 88 í desember 2014 þar sem erindi þeirra var ítrekað. Málinu var frestað en á fundi nefndarinnar 14. janúar 2015 var starfsmanni falið að kanna möguleika á að finna lyftingaaðstöðunni annað húsnæði. Starfsmaður hefur kannað það en einnig óskaði hann eftir yfirlýsingu frá íþróttahreyfingunni og var málið tekið fyrir á formannafundi HSV 18. mars 2015 þar sem eftirfarandi var bókað undir önnur mál:

*„Vallarhúsið – nýting, Rætt um beiðnir Kraftlyftingafélagsins og BÍ um að fá aðstöðu í Vallarhúsinu. Fundarmenn samþykkir því Vallarhúsið verði nýtt sem félagsaðstaða íþróttafélaganna geng því að lyftingaraðstöðu og æfingaraðstöðu Víkings verði fundinn nýr staður.“*

Starfsmaður hefur í samstarfi við umhverfis- og eignasvið skoðað möguleika á að flytja lyftingaaðstöðuna í annað húsnæði og er hugsanlegt að á því finnist lausn. Það er því lagt til að lyftingaaðstaðan verði flutt úr vallarhúsinu og stefnt skuli að því að hún verði komin í nýtt húsnæði í haust fáist leyfi fyrir því húsnæði sem í skoðun er. Í vallarhúsinu verði því félagsaðstaða sem íþróttafélög geti nýtt og það verði áfram í rekstri Ísafjarðarbæjar.